

### **Fjölóstur innanlands**

Fjölóstur er 100 bréf eða fleiri sem öll eru eins að lögun og þyngd, ekki árituð á nafn og eru póstlögð öll á sama tíma. Hægt er að senda fjölóst til einstaklinga og fyrirtækja í ákveðnum póstnúmerum eða svæðum.

Sömu reglur gilda fyrir fjölóst og fyrir almennan bréfaóst innanlands varðandi stærðarmörk, innihald og skaðabætur.

### **Verðskrá miðast við eftirfarandi:**

- 100 stk. eða fleiri póstlögð í einu.
- Sendingar séu allar eins í lögun, allar jafn þungar og ekki stærri en 260 x 350 x 25 mm.
- Sendingar þurfa að berast fyrir kl. 15:00 daginn (virkan) áður en dreifing á að hefjast.
- Ef sending er ekki flokkuð eftir póstnúmeri leggst á flokkunargjald sem miðast við stykkjafjölda.
- Ef fjölóstdreifing kemur inn eftir klukkan 15:00 í Póstmiðstöð Póstsins í Reykjavík, eða á pósthús, leggst á álagsgjald.
- Ekki er hægt að skila fjölósti inn eftir kl. 17:00 í Póstmiðstöð Póstsins í Reykjavík, eða á pósthús á Landsbyggðinni.
- Ef fjölóstur er stærri en A4 blað og er ekki brotinn saman rukkar Pósturinn brotgjald sem miðast við stykkjafjölda.

Fjöldi heimila, sjá: [www.postur.is](http://www.postur.is)

- **Þyngdarflokkar**
- 0–10 g
- 11–20 g
- 21–50 g
- 51–100 g
- 101–250 g
- 251–500 g
- 501–750 g
- 750–1000 g

### **Burðargjald og póstlagningarmáti**

Fjölóstur er hvorki frímerktur né dagstimplaður.

Eingöngu er hægt er að póstleggja fjölóst á fyrirtækjapósthúsi í Reykjavík og á pósthúsum um land allt.

Mælst er til að fjölpóstur sé póstagður í blaðabroti ef stærð hans er umfram A4.

### **Panta fjölpóstdreifingu**

Panta þarf dreifingu með því að hringja í fyrirtækjapjónustu Póstsins, síma 580-1100, eða senda tölvupóst á [thjonusta@postur.is](mailto:thjonusta@postur.is).

Pósturinn getur ekki ábyrgst að sendandi fái umbeðinn dreifingardag ef hann er fullbókaður.

### **Afhending**

Að jafnaði er fjölpóstur borinn út til viðtakenda á tímabilinu 9:00 – 16:15 frá mánudegi til föstudags. Undantekningar frá þeirri reglu eru einstaka staðir í dreifbýli þar sem borið er út þrjá daga vikunnar.

### **Boðið er upp á eftirfarandi dreifingardaga:**

- Mánudagur og þriðjudagur

o dreifing fer fram á tveimur dögum

- Þriðjudagur og miðvikudagur

o dreifing fer fram á tveimur dögum

- Miðvikudagur og fimmtudagur

o dreifing fer fram á tveimur dögum

- Fimmtudagur og föstudagur

o dreifing fer fram á tveimur dögum

Ef frídagur lendir á ofangreindum dreifingardögum þá færast dreifingin á fyrirfram bókuðum dreifingum sjálfkrafa á næsta virkan dag á undan.

### **Áritun og merkingar**

Nafn fyrirtækis/ábyrgðarmanns þarf að koma fram á fjölpóstinum.

### **Afslættir**

Semja þarf um afsláttarkjör við Fyrirtækjasölu Póstsins. Gefið er tilboð í sendingu eftir magni, þyngd, tíðni og svæði.

### **Skaðabætur og gæði**

Fjölpóstur er ekki rekjanlegur og því ekki skaðabótaskyldur. Pósturinn dreifir samkvæmt dreifingarplani. Gæðamarkmið fjölpósts í tengslum við aldreifingar er að dreifa 50% fyrri daginn og 50% seinni daginn.

Pósturinn áskilur sér rétt til neita móttöku á fjölpósti þegar dreifingarplan er fullbókað á umbeðnu svæði/pnr.

